

Viking™ M


hreyfanlegur lyftari

Notkunarleiðbeiningar



Viking M

Vörunr. 2040045



Vörulýsing

Viking M hreyfanlegur lyftari er alhliða lyftari sem ætlaður er til notkunar í heilsugæslu, bráðþjónustu og endurhæfingu.

Viking M hreyfanlegur lyftari veitir framúrskarandi aðstoð við daglegan flutning á bæði fullorðnum og börnum.

Viking M hreyfanlegur lyftari er með 3 mismunandi lyftihæðarstöður og veitir sveigjanleika fyrir flestar lyftiaðstæður, svo sem til að lyfta úr og í hjólastól, rúm, salerni og á gólf.

Lárétt lyfting er einnig möguleg með Liko™ OctoStretch™ aukabúnaði.

Með Viking™ arminum er hægt að nota Viking M hreyfanlega lyftarann við göngubjálfun.

Stjórnkassinn ásamt handstýringunni innihalda margs konar aðgerðir sem uppfylla allar þarfir fyrir örugga og þægilega lyftingu. Stjórnkassinn safnar gögnum (verkteljari og snjall hringrásateljari) og hægt er að lesa þau á upplýsingaskjánum.

Einstaklingsbundinn frágangur Liko-segla og annarra Liko-fylgihluta fyrir lyftingu sem henta sjúklingnum er afar mikilvægur til að ná bestu frammistöðu og öryggi þegar lyftarinn er notaður.

Í þessu skjali er manneskjan sem verið er að lyfta kölluð sjúklingurinn og manneskjan sem hjálpar henni er kölluð umönnunaraðili.



MIKILVÆGT!






Lyfting og flutningur á sjúklingi felur alltaf í sér ákveðna áhættu. Lestu leiðbeiningarnar fyrir bæði sjúklingalyftarann og fylgihluti fyrir lyftingu fyrir notkun. Mikilvægt er að skilja til fullnustu innihald leiðbeininganna fyrir notkun. Eingöngu þjálfað starfsfólk á að nota búnaðinn. Gakktu úr skugga um að fylgihlutir fyrir lyftingu henti fyrir lyftarann sem verið er að nota. Auðsýndu gætni og varúð meðan á notkun stendur. Sem umönnunaraðili berð þú ávallt ábyrgð á öryggi sjúklingsins. Þú verður að vera meðvitaður/meðvituð um getu sjúklingsins til að takast á við lyftiaðstæðurnar. Ef eitthvað er óskýrt skaltu hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

Efnisyfirlit

Lýsing á táknum.....	3
Öryggisleiðbeiningar	4
Skilgreiningar	5
Tæknilegar upplýsingar.....	5
Mál	6
Tafla yfir rafsegulsamhæfi	7
Samsetning.....	9
Notkun.....	11
Rafhlaðan hlaðin.....	14
Hámarksálag.....	15
Ráðlagðir fylgihlutir fyrir lyftingu.....	15
Bilanagreining.....	17
Leiðbeiningar um endurvinnslu.....	17
Hreinsun og sótthreinsun	18
Eftirlit og viðhald	20

Lýsing á táknum

Þessi tákn er að finna í þessu skjali og/eða á vörunni.

Tákn	Lýsing
	Aðeins til notkunar innanhúss
	Varan er með viðbótarvörn gegn raflosti (einangrun í flokki II)
	Varnarstig gegn raflosti Tegund B
	Viðvörðun: Þessar kringumstæður þarfnast aukinnar varkárni og aðgátar
	Lesið notkunarleiðbeiningarnar fyrir notkun
	Þessi vara samrýmist tilskipunum EB
IP N ₁ N ₂	Varnarstig gagnvart inngöngu gegnheilla hluta (N1) og inngöngu vatns (N2)
	Framleiðandi
	Framleiðsludagur
	Varúð! Flettu upp í leiðbeiningum um notkun
	Flettu upp í leiðbeiningum um notkun til að fá frekari upplýsingar
	Rafhlaða
	Endurvinnna verður allar rafhlöður í þessari vöru sérstaklega - Pb fyrir neðan táknið gefur til kynna að rafhlöðurnar innihaldi blý - Einföld svört lína fyrir neðan táknið gefur til kynna að þessi vara hafi verið sett á markaðinn eftir 2005
	UL-viðurkennt merki íhlutar fyrir Kanada og Bandaríkin
	EFUP, umhverfisvænt notkunartímabil (ár)
	Umhverfisvæn vara sem hægt er að endurvinnna og endurnýta
	Ástralska öryggið/EMC
	PSE-merki (Japan)
	Auðkenni vöru
	Raðnúmer
	Lækningatæki
	Endurvinnanlegt
	Öryggi og nauðsynleg frammistaða rafknúinna lækningatækja
	Sönnun fyrir samræmi vöru við bandaríska öryggisstaðla
	Ójónandi rafsegulgeislun
	GS1 Gagnafylkisstrikamerki sem kann að innihalda eftirfarandi upplýsingar (01) GTIN-númer (e. Global Trade Item Number) (11) Framleiðsludagsetning (21) Raðnúmer
	Vinnuferli fyrir rofna notkun Lengsti virki notkunartími X% af tilgreindri tímaeiningu, fylgt eftir af óvirkum tíma, Y% Virki notkunartíminn má ekki fara yfir tilgreindan tíma í mínútum, T

Öryggisleiðbeiningar

Tilætluð notkun

Varan er ekki ætluð til notkunar af sjúklingnum einum. Lyfting og flutningur á sjúklingi skal alltaf fara fram með aðstoð að minnsta kosti eins umönnunaraðila. Þessi vara er notuð sem leið til að framkvæma lyftuna en snertir ekki sjúklinginn. Þar af leiðandi tölum við ekki nánar um mögulegt heilbrigðisástand sjúklinga í þessum notkunarleiðbeiningum. Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá stuðning og ráðgjöf.

⚠️ Ákveðnar aðstæður og skilyrði geta takmarkað rétta notkun hreyfanlegra lyftara, þar með talið:

Þröskuldar, ójafnt yfirborð gólfs, hindranir og sérlega þykk teppi. Þessar aðstæður og skilyrði geta valdið því að hjól lyftarans rúlli ekki eins og til er ætlast, að lyftarinn fari úr jafnvægi, eða auknu álagi fyrir umönnunaraðilann. Ef þú ert ekki viss um að aðstæður þínar uppfylli kröfurnar fyrir rétta notkun á lyftaranum skaltu hafa samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá frekari ráðgjöf og aðstoð.

⚠️ Lyfting í ójafnvægi eykur hættu á veltu og kann að skemma lyftibúnaðinn!

⚠️ Aldrei skilja sjúkling eftir án eftirlits meðan á lyftivinnu stendur!

⚠️ Lyftu ekki lyftiarminum handvirkt!

Fyrir notkun skal ganga úr skugga um:

- að lyftarinn sé settur saman í samræmi við samsetningarleiðbeiningarnar;
- að fylgihlutir lyftingar séu rétt festir við lyftarann;
- að rafhlaðan hafi verið hlaðin í að minnsta kosti 6 klukkustundir;
- að þú hafir lesið leiðbeiningahandbækurnar fyrir lyftarann og fylgihluti fyrir lyftingu;
- að starfsfólk sem notar lyftarann hafi verið upplýst um rétta notkun lyftarans og fylgihluta lyftingar.

Áður en lyft er skal alltaf ganga úr skugga um:

- að fylgihlutir fyrir lyftingu séu ekki skemmdir;
- að fylgihlutur fyrir lyftingu sé rétt festur við lyftarann;
- að fylgihlutur fyrir lyftingu hangi lóðrétt og geti hreyfst frjálsglega;
- að fylgihlutur fyrir lyftingu sé valinn á viðeigandi hátt, hvað varðar tegund, stærð, efni og hönnun með tilliti til þarfa sjúklingsins;
- að fylgihlutur fyrir lyftingu sé rétt og örugglega beitt á sjúklinginn til að koma í veg fyrir meiðsli;
- að krækjur séu heilar; krækjur sem vantar eða eru skemmdar verður alltaf að endurnýja;
- að lykkjur seglaólarinnar séu rétt tengdar við króka herðatrésins þegar seglaólarinnar eru strekktar upp, en áður en sjúklingnum er lyft upp af undirliggjandi fleti.

⚠️ Röng festing á segli við herðatré getur valdið miklu líkamstjóni hjá sjúklingnum!



Viking™ M hreyfanlegur lyftari hefur verið prófaður af vottaðri eftirlitsstofnun.

⚠️ Engar breytingar á þessari vöru eru leyfðar.


Forðast ætti notkun þessarar vöru við hlið annars búnaðar þar sem það gæti leitt til rangrar virkni. Ef slík notkun er nauðsynleg skal fylgjast með og staðfesta að hinn búnaðurinn virki eðlilega.

Rafsegultruflanir geta haft áhrif á lyftiafköst vörunnar. Ef aðrir hlutir en upprunalegu varahlutirnir eru notaðir (snúrur o.fl.), getur það haft áhrif á rafsegulviðssamhæfi vörunnar. Gæta skal sérstakrar varúðar þegar öflugar uppsprettur rafsegultruflana, svo sem gegnhitunartæki o.s.frv. eru notaðar, svo að til dæmis gegnhitunarsnúrur séu ekki staðsettar á eða nálægt lyftaranum.

Ef þú hefur spurningar skaltu vinsamlegast ráðfæra þig við ábyrgan tæknimann aðstoðarbúnaðar eða birginn.

Ekki má nota vöruna á svæðum þar sem eldfimar blöndur kunna að verða til, til dæmis á svæðum þar sem eldfimar vörur eru geymdar.

Þessa viðvörunartilkygningu má finna á rafhlöðunni:




Þessa viðvörunartilkygningu má finna á stjórnkassanum:



Skilgreiningar

1. Lyftiarmur
2. Ytri hólkur
3. Flexlink
4. Herðatré með krækjum
5. Lyftigálgí
6. Neyðarlækkunarbúnaður (vélknúinn)
7. Lyftimótor (hreyfiliði)
8. Undirstaða
9. Framhjól
10. Afturhjól með hemlum
11. Mótor fyrir breiddarstillingu undirstöðu
12. Læsihandföng
13. Merkimiði vöru
14. Stjórnkassi með:
Neyðarstöðvun
Rafknúinni neyðarlækkun
Rafknúinni neyðarhækkun
Vísun fyrir hleðslutæki rafhlöðu
Upplýsingaskjá
15. Rafhlaða
16. Handstýring
17. Handföng
18. *Valkvæður fylgihlutur: Halda fyrir Hraðupplýsingahandbók og litakóða fyrir seglastærðir.
19. Litakóði fyrir seglastærðir



Tæknilegar upplýsingar


Hámarksálag:	205 kg
Efni:	Ál
Heildarþyngd:	30 kg (66 pund) án rafhlöðu
Þyngd þyngsta hluta:	15,2 kg
Hjól:	Framan: 75 mm tvöföld hjól Aftan: 75 mm tvöföld hjól með hemlum.
Þvermál beygjuhrings:	1400 mm
Neyðarlækkunar­búnaður:	Vélknúinn og rafknúinn
Lyftibil:	1270 mm
Lyftihraði (án álags)	36 mm/s
Hljóðstig:	46 dB(A)
Verndarflokkur:	IP X4
Notkunarkraftur stjórn­­tækja:	Handstýring: 5 N
Rafmagnsupplýsingar:	24 V
Ósam­­feltt afl:	Notk. með hléum 10/90, virk notkun há­m. 2 mín. Aðeins 10% af gefinni tímalengd mega vera virk, en ekki meira en 2 mín.

Rafhlöður:	<i>Lokastýrð rafhlaða með blýsýruhlaupi</i> - 24 V 2,9 Ast. vörunr. 2006106. Þyngd 2,8 kg. <i>Li-ION rafhlaða</i> - 25,6 V 2,25 Ah vörunr. 2006109 Þyngd 0,970 kg.
Hleðslutæki rafhlöðu:	Innra hleðslutæki, 100-240 V AC, 50-60 Hz, há­m. 400 mA.
Lyftimótor:	Sísegulmótor með vélrænum öryggisbúnaði 24 V, 10,5 A
Mótor fyrir breiddar­­stillingu undir­­stöðu:	Sísegulmótor 24 V, 6 A
Umhverfisaðstæður fyrir virkni:	Hitastig: +10°C til +40°C, rakastig: 20% til 90% við 30°C án rakabétt­­ni, Loftþrýstingur: 700HPa til 1060HPa, hæð yfir sjávarmáli: há­m. 3000m.



Búnaðurinn er ætlaður til notkunar innanhúss Tegund B, í samræmi við verndarflokk fyrir raflost. Búnaður í flokki II.

Mál



Viking M

Mælistærðir: mm

Ahám.*	Alágm.*	B	B1	B2	B3***	C		D		D2**	E*	F	F1	Lhámarks*	Llágmarks*	M	N	O
						hám.	lág.	hám.	lág.									
2020	1440	1230	870	660	650	1110	690	970	560	195	1100	105	30	1790	520	385	220	495
1970	1390				650	1110	690	970	560	195	1050	105	30	1740	470			
1920	1340				595	1110	690	970	560	195	1000	105	30	1690	420			

Athugið: Mælistærðirnar eru byggðar á því að lyftarinn sé búinn venjulegu herðatré. Þegar skipt er yfir í aðra fylgihluti fyrir lyftingu skaltu athuga að lyftarinn nái enn æskilegri lyftihæð.

* Mismunandi mælistærðir eiga við um Viking M eftir stöðu hæðarstillingar, sjá „Samsetning“.

** Mælistærðir til hliðsjónar samkvæmt staðlinum EN ISO 10535:2006.


Tafla yfir rafsegulsamhæfi

Leiðbeiningar og yfirlýsing framleiðanda - rafsegulgeislun		
Hreyfanlegi lyftarinn er ætlaður til notkunar í því rafsegulumhverfi sem tilgreint er hér á eftir. Viðskiptavinur eða notandi Viking M lyftarans verða að tryggja að hann sé notaður í slíku umhverfi.		
Geislunarpróf	Hlíting	Rafsegulumhverfi - leiðbeiningar
Útvarpsbylgjugeislun CISPR 11	Flokkur 1	Viking M lyftarinn notar útvarpsbylgjur eingöngu fyrir innri virkni. Þar af leiðandi er útvarpsbylgjugeislun frá honum afar lág og ólíklegt að hún valdi truflunum á nálægum rafbúnaði.
Útvarpsbylgjugeislun CISPR 11	Flokkur B	Viking M lyftarinn hentar fyrir notkun á öllum stofnunum, þar á meðal heimilum og stofnunum sem eru tengdar beint við almennt lágspennukerfi sem veitir orku til heimila.
Yfirsveiflugeislun IEC 61000-3-2	Hlítir	
Spennusveiflur/flöktgeislun IEC 61000-3-3	Hlítir	

Leiðbeiningar og yfirlýsing framleiðanda - rafsegulónæmi			
Hreyfanlegi lyftarinn er ætlaður til notkunar í því rafsegulumhverfi sem tilgreint er hér á eftir. Viðskiptavinur eða notandi Viking M lyftarans verða að tryggja að hann sé notaður í slíku umhverfi.			
Ónæmispróf	IEC 60601 prófstig	Hlítingarstig	Rafsegulumhverfi - leiðbeiningar
Rafstöðuafhleðsla IEC 61000-4-2	+/- 8 kV snerting +/- 15 kV loft	+/- 8 kV snerting +/- 15 kV loft	+/- 8 kV snerting +/- 15 kV loft Gólf geta verið úr viði, steypu eða keramikflís. Ef gólf eru klædd með gerviefni þarf rakastigið að vera að minnsta kosti 30 %.
Rafmagns- svipull / blossi IEC 61000-4-4	+/- 2 kV fyrir rafmagnslínur aðveitu +/- 1 kV fyrir aðveitu-/fráveit- tulínur	+/- 2 kV fyrir rafmagnslínur aðveitu Á ekki við fyrir aðveitu-/ fráveitulínur	Gæði aðalaðveitu ættu að vera jöfn og í hefðbundnu fyrirtækja- eða sjúkrahússumhverfi.
Spennuhnykkur IEC 61000-4-5	+/- 1 kV riðhamur +/- 2 kV almennur hamur	+/- 1 kV riðhamur á ekki við fyrir almennan ham	Gæði aðalaðveitu ættu að vera jöfn og í hefðbundnu fyrirtækja- eða sjúkrahússumhverfi.
Spennulækkun, skamm- vinnar truflanir og spen- nubreytingar á aðveitulí- num rafmagns IEC 61000-4-11	0 % UT fyrir 0,5 hringrás, við 0, 45, 90, 135, 180, 225, 270 og 315 gráður 0 % UT fyrir 1 hringrás, við 0 gráður 70 % UT fyrir 25 hringrásir við 50 Hz og 30 hringrásir við 60 Hz, við 0 gráður 0 % UT fyrir 250 hringrásir við 50 Hz og 300 hringrásir við 60 Hz.	0 % UT fyrir 0,5 hringrás, við 0, 45, 90, 135, 180, 225, 270 og 315 gráður 0 % UT fyrir 1 hringrás, við 0 gráður 70 % UT fyrir 25 hringrásir við 50 Hz og 30 hringrásir við 60 Hz, við 0 gráður 0 % UT fyrir 250 hringrásir við 50 Hz og 300 hringrásir við 60 Hz.	Gæði aðalaðveitu ættu að vera jöfn og í hefðbundnu fyrirtækja- eða sjúkrahússumhverfi. Ef notandi [búnaðarins eða kerfisins] þarfnast stöðugar notkunar þó svo að truflun verði á rafmagni er mælt með að [búnaðurinn eða kerfið] fái afl frá órjúfanlegum aflgjafa eða rafhlöðu.
Tíðni (50/60 Hz) segulsvið IEC 61000-4-8	30 A/m	Hlítir	Tíðnisegulsvið ættu að vera á almennu sviði fyrir dæmigerða staðsetningu í dæmigerðu fyrirtækja- eða sjúkrahússumhverfi.
ATH U_T er riðstraumsspenna aðalafgjafa fyrir prófunarstigið.			

Leiðbeiningar og yfirlýsing framleiðanda - rafsegulónæmi

Hreyfanlegi lyftarinn er ætlaður til notkunar í því rafsegulumhverfi sem tilgreint er hér á eftir. Viðskiptavinur eða notandi Viking M lyftarans verða að tryggja að hann sé notaður í slíku umhverfi.

Ónæmispróf	IEC 60601 prófstig	Hlítingarstig	Rafsegulumhverfi - leiðbeiningar
Leiddar útvarpsbylgjur IEC 61000-4-6	6 Vrms 150 kHz til 80 MHz	6 Vrms	Handheldur og færanlegur búnaður sem notar útvarpsbylgjur fyrir samskipti má ekki nota nær neinum hluta Viking M lyftarans, þ.m.t. snúrur, en ráðlögð fjarlægð sem er reiknuð út samkvæmt jöfnunni sem við á fyrir tíðni sendisins. Ráðlögð fjarlægð $d = 1,2\sqrt{P}$ $d = 1,2\sqrt{P}$ 80 MHz til 800 MHz
Útvarpsbylgjugeislun IEC 61000-4-3	10 V/m 80MHz til 2,7GHz	10 V/m	$d = 2,3\sqrt{P}$ 800 MHz til 2,7 GHz þar sem P er hámarks málafl sendisins í vöttum (W) samkvæmt framleiðanda sendisins og d er ráðlögð fjarlægð í metrum (m). Sviðsafi frá föstum útvarpsbylgjusendum, eins og skilgreint er af rafsegulsviðspröfun á staðnum, ^a ætti að vera lægra en hlítingarstigið fyrir hvert tíðnisvið. ^b Truflanir gætu átt sér stað nálægt búnaði sem er merktur með eftirfarandi tákni. 

ATH. 1 Við 80MHz og 800Mhz gildir hærra tíðnisviðið.

ATH. 2 Þessar leiðbeiningar gætu ekki gilt fyrir allar aðstæður. Rafsegulútbreiðsla er undir áhrifum frá gleypni og endurkasti frá byggingum, hlutum og fólki.

^a Ekki er hægt að spá nákvæmlega fyrir um sviðsstyrk frá föstum sendum, svo sem móðurstöðvum fyrir síma sem nota útvarpsbylgjur (stafræna/þráðlausa) og talstöðvar, almenningsútvarpi, AM og FM útvarpssendingum og sjónvarpsútsendingum. Framkvæma verður vettvangskönnun á rafsegulsviði til að leggja mat á rafsegulumhverfi frá föstum útvarpssendum. Ef mældur sviðsstyrkur á staðnum þar sem Viking M lyftarinn er notaður fer yfir viðeigandi hlítingarstig fyrir útvarpsbylgjur sem gefið er upp hér fyrir ofan, verður að fylgjast með Viking M lyftaranum til að staðfesta eðlilega virkni. Ef óeðlileg virkni kemur í ljós gæti þurft að grípa til frekari ráðstafana, svo sem að endurstilla Viking M lyftarann eða flytja hann á annan stað.

^b Ef tíðnisvið er yfir 150 kHz til 80 MHz þarf sviðsstyrkur að vera undir 10 V/m.

Ráðlögð fjarlægð á milli handhelds og færans útvarpssamskiptabúnaðar og Viking M lyftarans

Lyftarinn er ætlaður til notkunar í rafsegulumhverfi þar sem truflanir vegna útvarpsbylgjugeislunar eru takmarkaðar. Viðskiptavinur eða notandi Viking M lyftarans geta hjálpað við að koma í veg fyrir rafsegultruflanir með því að viðhalda lágmarksfjarlægð á milli handhelds og færans útvarpssamskiptabúnaðar (senda) og Viking M lyftarans samkvæmt ráðleggingunum hér á eftir, í samræmi við hámarksafköst samskiptabúnaðarinnar.

Mæld hámarksafköst sendis (W)	Fjarlægð samkvæmt tíðni sendis (m)		
	150 kHz til 80 MHz	80 MHz til 800 MHz	800 MHz til 2,7 GHz
	$d = 1,2\sqrt{P}$	$d = 1,2\sqrt{P}$	$d = 2,3\sqrt{P}$
0,01	0,12	0,12	0,24
0,1	0,38	0,38	0,73
1	1,2	1,2	2,3
10	3,8	3,8	7,3
100	12	12	23

Fyrir senda með hámarksafköst sem eru ekki á listanum hér fyrir ofan má áætla ráðlagða fjarlægð d í metrum (m) með því að nota jöfnuna sem á við um tíðni sendisins, þar sem P eru hámarksafköst sendisins í vöttum (W) samkvæmt framleiðanda sendisins.


Ath. 1: Við 80 MHz og 800 MHz gildir fjarlægðin fyrir herra tíðnisviðið.

Ath. 2: Þessar leiðbeiningar gætu ekki gilt fyrir allar aðstæður. Rafsegulútbreiðsla er undir áhrifum frá gleypni og endurkasti frá byggingum, hlutum og fólki.

Samsetning

Fyrir samsetningu skaltu ganga úr skugga um að þú sért með eftirfarandi hluti:


- Lyftigálga með lyftiarmi, lyftimótor með snúru, herðatré og stjórnkassa með handstýringu
- Undirstöðu með mótur fyrir breiddarstillingu undirstöðu, með snúru
- Læsihandföng
- Rafhlöðu
- Notkunarleiðbeiningar, snúru hleðslutækis, tengisnúru hleðslutækis.



1. Læstu báðum afturhjólnum. Settu lyftigálgann í fótinn á undirstöðunni.


2. Lyftigálginn er með þrjár hæðarstillingarstöður:
 - lága stöðu fyrir lægri lyftihæðir.
 - venjulega stöðu sem er ráðlögð fyrir flest tilfelli.
 - háa stöðu fyrir sérstaklega háa lyftihæð.
 Fjarlægðin á milli gatanna tveggja er 50 mm.
 Sjá kaflann „Mál“ vegna mælistærða.

3. Festu lyftigálgann með meðfylgjandi læsihandföngum. Stilltu stöðu læsihandfanganna þannig að þau snú niður.



4. Tengdu snúrur við stjórnkassann, sjá teikningu. Gættu þess að tengingarnar séu öruggar.

5. Tengdu rafhlöðuna og festu hana við grind stjórnkassans. Smellur heyrst þegar rafhlöðunni er komið fyrir á réttan stað.




6. Valkvæðir fylgihlutir:

- Hraðupplýsingahandbók
- Halda fyrir Hraðupplýsingahandbók.

7. Hengdu handstýringuna á handfangið.

8. Endurstilltu neyðarstöðvunina með því að snúa hnappinum réttisælis.



9. A) Tengdu framlengingarsnúru fyrir hleðslusnúruna við stjórnkassann.

B) Settu framlengingarsnúruna í strekkiklemmuna undir stjórnkassanum.

C) Tengdu hleðslusnúruna við framlengingarsnúruna.

10. Settu snúru hleðslutækis á krókinn sem fylgir með á gálganum eftir að hleðslu er lokið.


ATH.! Alltaf skal hlaða rafhlöðuna áður en lyftarinn er notaður í fyrsta sinn, sjá kaflann „Rafhlaðan hlaðin“.

Eftir samsetningu og hleðslu skaltu tryggja:

- að rafhlaðan sé fullhlaðin
- að hreyfingar lyftiarmsins samsvari hnöppunum á handstýringunni
- þjónustumillibil sé virkjað! Ýttu samtímis á eftirfarandi hnappa á handstýringunni:
Upp (▲) / Niður (▼), þar til hljóðmerki (eitt píp) heyrst = þjónustumillibil virkjað.
(Að öðrum kosti skaltu ýta samtímis á hnappana fyrir neyðarlyftingu upp og niður á stjórnkassanum)
- að aðlögun á breidd undirstöðu samsvari hnöppunum á handstýringunni
- að neyðarlækkunin virki almennilega (vélknúin og rafknúin)
- að hemlar á afturhjóllum virki almennilega.

Það kann að hafa áhrif á lyftihæðina þegar hámarksbyrði er lyft meðan á tilkeyrslu hreyfiliðans stendur (allt að 10 lyftur).

Notkun



Vísir: 1 - 4

Prýstihnappar:

Lyftiarmur: Upp / Niður

Prýstihnappar:

Breidd undirstöðu:

Út / Inn

— Snúra

Notkun handstýringar og vísar

Stýrðu lyftaranum með því að nota hnappana á handstýringunni. Til að hækka og lækka: Örvarnar sýna áttina (upp/niður) Hreyfing lyftingar og undirstöðu stöðvast um leið og þrýstihnappinum er sleppt.

Vísir: 1 - 4

- 1 - Ljós fyrir yfirálag (Kg/pund) „blikkar gult“, of mikið álag er á lyftaranum.
- 2 - Grænt ljós, afl rafhlöðu (100 - 50 %), í lagi!
- logar stöðugt grænt þegar hleðslutækið er tengt við rafmagn.
- 3 - Gult ljós, afl rafhlöðu (50 - 25 %), rafhlaða þarfnast hleðslu.
- 4 - Gult ljós, afl rafhlöðu (minna en 25 %), rafhlaða þarfnast hleðslu.
Hljóðmerki heyrst þegar ýtt er á þrýstihnapp.
Ath.! Ef hljóðmerkið hefst meðan á lyftingu stendur skal ljúka henni og hlaða lyftarann svo!
- 4 - Ljós „blikkar gult“ og hljóðmerki heyrst þegar ýtt er á þrýstihnapp. Hlaða skal lyftarann samstundis! Það afl sem eftir er á rafhlöðunni getur aðeins látið lyftiarminn síga.

Ath.! Sjá kaflann „Rafhlaðan hlaðin“ til að fá frekari upplýsingar.

Notkun stjórnkassa og upplýsingar

1. Neyðarstöðvunarhnappur
- Virkja: Þrýstu á rauða hnappinn
- Endurstilla: Snúðu rauða hnappinum réttsælis.
2. UPP (ör), rafknúin neyðarhækkun.
3. NIÐUR (ör), rafknúin neyðarlækkun.
Notkun þrýstihnappa 2 og 3 fer fram með því að ýta með mjóum hlut inn í hringmerkið fyrir ofan hvorn þeirra (ör).
Hreyfing hreyfiliðans stöðvast um leið og þrýstihnappinum er sleppt.

4. „ON“ - kviknar grænt þegar hleðslutækið er tengt við rafmagn.*
5. „CHARGE“ - logar stöðugt gult á meðan hleðsla stendur yfir og slokknar þegar hleðslu er lokið.
6. Sprettiupplýsingar á skjá:

Afl rafhlöðu (100 - 50 %) í lagi!

Afl rafhlöðu (50 - 25 %) Rafhlaða þarfnast hleðslu.

Afl rafhlöðu (minna en 25 %) rafhlaða þarfnast hleðslu.

Hljóðmerki heyrst þegar ýtt er á þrýstihnapp.

Ath.! Ef hljóðmerkið hefst meðan á lyftingu stendur skal ljúka henni og hlaða lyftarann svo!

Hlaða skal lyftarann samstundis! Hljóðmerki heyrst þegar ýtt er á þrýstihnapp. Það afl sem eftir er á rafhlöðunni getur aðeins látið lyftiarminn síga.

Lyftarinn er tengdur við rafmagn.



Viðvörðun um skammhlaup!
Athugaðu snúrur og tengingar.
Viðvörðun er sýnd þar til gert hefur verið við!



Yfirálag!
Of mikið álag er á lyftaranum.






Þörf er á þjónustu; hafðu samband við Hill-Rom.



6. Upplýsingaskjár:

Virkjaðu upplýsingaskjáinn með því að „hraðýta“ á hnappinn UPP.


	XXXXX	→ Heildarfjöldi lyftilota með byrði
A x S	XXXXXX	→ Vinna unnin með hreyfliða: Amp. x sek.
 kg/pund	XXX	→ Fjöldi yfirálagsvísbendinga
	XX/XXX	→ Dagar frá síðustu þjónustu/dagar á milli þjónusta.

Li-ION rafhlaða - sérstakar upplýsingar

Hvíldarhamur! Hvíldarhamur virkjust hjá Li-ION rafhlöðu ef hún er ekki í notkun eða hlaðin í eina viku eða lengur. Hvíldarhamurinn slekkur á rafhlöðunni og rafbúnaði hennar til að spara afl. Rafhlaðan er í hvíld þar til hún er stillt aftur fyrir notkun.

Hvernig á að stilla Li-ION rafhlöðuna aftur fyrir notkun; Hladdu rafhlöðuna, þegar „CHARGE“ vísirinn, ⑤ lýsir er rafhlaðan aftur stillt fyrir notkun og tilbúin til notkunar. Ath.! Við mælum með því að hlaða rafhlöðuna þar til hún er fullhlaðin, sjá nánari upplýsingar og leiðbeiningar í kaflanum „Rafhlaðan hlaðin“.

Seinkun! seinkun verður til vísa fyrir núverandi afl rafhlöðu hjá stjórnkassa og handstýringu ef neyðarstöðvun er virkjuð og endurstillt, sjá 1 hér fyrir ofan.



Til að virkja neyðarstöðvun:

Ýttu á rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórnkassanum.

til að endurstilla neyðarstöðvunina:

Snúðu hnappinum réttsælis.


Vélræn neyðarlækkun

Neyðarlækkunin gerð virk - Lyftu neyðarlækkunarstýringunni beint upp, lyftu þangað til sjúklingurinn sem verið er að lyfta er á föstu undirlagi og hægt er að afkrækja ólarlykkjum seglsins. (aðgerðin þarfnast þess að álag sé sett á lyftiarminn).

Rafknúin neyðarlækkun / -hækkun

Notaðu mjóan hlut til að ýta inn í hringmerkið fyrir ofan hvorn (ör), sjá kaflann „Notkun“ til að fá frekari upplýsingar.

Notaðu ekki beitta hluti þar sem það getur valdið skemmdum á stjórnkassanum!



Hjólunum læst


Hægt er að læsa afturhjólunum til að koma í veg fyrir að þau snúist. Læsing hjólanna er virkjuð/tekin af með fætinum.

ATH.: Meðan á lyftingu stendur eiga hjólin að vera ólæst til að hægt sé að flytja lyftarann að þungamiðju sjúklingsins. Hins vegar skulu hjólin vera læst ef það er hætt á að lyftarinn rúlli á sjúklinginn, til dæmis þegar lyft er frá gólfinu.

⚠ Læst hjól á meðan verið er að lyfta geta aukið hættuna á að velja.

⚠ Lyftu ekki lyftiarminum handvirkt!

⚠ Hreyfðu aldrei lyftarann með því að toga í hreyfliðann!



Mynd 1.

Mynd 2.

Mynd 3.

Uppsetning á krækjum

Eftir uppsetningu skaltu tryggja að fjaðurspenntu krækjurnar séu strekktar upp að herðatrénu og hreyfist frjálsglega í krók herðatrésins.


Lyftu rétt!

Fyrir hverja lyftu skaltu ganga úr skugga um:

- að seglalykkjurnar á gagnstæðum hliðum seglsins séu í sömu hæð
- að allar seglalykkjurnar séu tryggilega festar við krókana á herðatrénu
- að herðatréð sé lárétt meðan að lyft er, sjá mynd 1.

⚠ Ef herðatréð er ekki lárétt (sjá mynd 2) eða ef seglalykkjurnar eru rangt festar við herðatréð (sjá mynd 3) skal láta notandann síga niður á fast undirlag og aðlaga í samræmi við notkunarleiðbeiningarnar um segl í notkun.

⚠ Röng lyfta getur verið óþægileg fyrir notandann og valdið skemmdum á lyftubúnaðinum! (sjá mynd 2 og mynd 3).



Armur

Til að nota arminn þarf að snúa honum frá (lóðréttri) hvíldarstöðu upp í (lárétta) stuðningsstöðu. Armurinn gegnir tvenns konar hlutverki: að veita sjúklingnum meira öryggi og auðvelda umönnunaraðila að færa lyftarann til.

⚠ Þegar lyftarinn er notaður til að flytja sjúkling á milli herbergja ætti armurinn að vera í stuðningsstöðu!

Staða lyftarans þegar lyft er


Frá/til:	rúmi	stól/salernissetu	gólfi

ATH.: Settu koda undir höfuð sjúklingsins fyrir betri frammistöðu og þægindi. Hjólin eiga alltaf að vera læst þegar lyft er frá gólfinu.

Rafhlaðan hlaðin

Upplýsingar hleðslutækis

1. „ON“ - kviknar grænt þegar hleðslutækið er tengt við rafmagn.
2. „CHARGE“ - logar stöðugt gult á meðan hleðsla stendur yfir og slokknar þegar hleðslu er lokið.



ATH.! Mjög afhlaðin Li-ION rafhlaða hlaðin

Þegar mjög afhlaðin Li-ION rafhlaða er hlaðin byrjar hleðslutækið að hlaða á hæfum hraða til að verja rafhlöðuna. Þegar hlaðið er á hæfum hraða mun vísirinn fyrir hleðslu ekki lýsast upp.

Þegar lághraðahleðslu er lokið skiptir hleðslutækið sjálfkrafa yfir í venjulegt hleðsluhraða og vísirinn „CHARGE“ kviknar gulur og slokknar þegar hleðslu er lokið.


Hleðsla með innra hleðslutæki stjórnkassans (staðalbúnaður)

Settu snúru hleðslutækis í samband við rafmagn (100-240 VAC), sjá upplýsingar um hleðslutæki 1 - 2 hér fyrir ofan.

Rafhlaðan er fullhlaðin eftir um það bil 6 klukkustundir g hleðslutækið fer sjálfkrafa úr sambandi.

Gula „CHARGE“ ljósið slokknar.

Til að hámarka endingu rafhlöðu verður að hlaða hana reglulega. Við mælum með hleðslu eftir hverja notkun eða á hverju kvöldi.




Aldrei skal hlaða rafhlöður á blautu svæði!

ATH.!

- Ef snúra hleðslutækis (gormsnúran) er teygð ætti að endurnýja hana til að forðast hættuna á að snúran festist og slitni.
- Ekki er hægt að nota lyftarann þegar snúra hleðslutækis er í sambandi við vegginnstungu.
- Ef gula "CHARGE" díóðan á stjórnkassanum logar ennþá eftir 8 klukkustundir skal hætta hleðslu og endurnýja rafhlöðuna.
- Endurnýja skal skemmda rafhlöðu og forðast skal snertingu við vökva sem leka.
- Ef lyftarinn er ekki notaður á hverjum degi mælum við með því að ýta á neyðarstöðvunina eftir notkun til að rjúfa strauminn og spara rafhlöðuna. Gakktu úr skugga um að rafhlaðan sé fullhlaðin áður en ýtt er á neyðarstöðvunina.
- Ekki er hægt að hlaða lyftarann með neyðarstöðvunina tengda.

Aðrar hleðsluaðferðir



Veggfest hleðslutæki eða borðhleðslutækishús:

Losaðu hölduna fyrir snúru hleðslutækisins frá. Fjarlægðu rafhlöðuna úr stjórnkassanum með því að losa læsinguna ofan á rafhlöðunni. Sjá kaflann „Samsetning“.

Upplýsingar hleðslutækis;

„ON“ - kviknar grænt þegar hleðslutækið er tengt við rafmagn.

„CHARGE“ - logar stöðugt gult meðan á hleðslu stendur og slokknar þegar hleðslu er lokið.

Aðf. A. Settu rafhlöðuna í hleðslutækið sem fest er við vegg. Settu hleðslutækið í samband við vegginnstungu (100-240 VAC) og gakktu úr skugga um að bæði „ON“ og „CHARGE“ lýsist upp á hleðslutækinu.

Aðf. B. Settu rafhlöðuna í hleðslutækið á borðhleðsluhúsinu. Settu hleðslutækið í samband við vegginnstungu (100-240 VAC) og gakktu úr skugga um að bæði „ON“ og „CHARGE“ lýsist upp á hleðslutækinu.

Hámarksálag

Mismunandi hámarksálag getur átt við um mismunandi vörur í samsettu lyftaraeiningunni, herðatré, segl og annan aukabúnað sem notaður er. Fyrir samsettu lyftaraeininguna er hámarksálagið alltaf lægsta hámarksálag fyrir alla fylgihlutina. Til dæmis getur Viking™ M hreyfanlegur lyftari sem er samþykktur fyrir 205 kg verið útbúinn með aukabúnaði fyrir lyftingu sem er samþykktur fyrir 200 kg. Í því tilfalli á hámarksálagið 200 kg við um alla samsettu lyftaraeininguna.

Skoðu merkingarnar á lyftaranum og fylgihlutum lyftingar, eða hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom ef þú hefur einhverjar spurningar.

Ráðlagðir fylgihlutir fyrir lyftingu

⚠ Það kann að hafa í för með sér hættu að nota aðra fylgihluti lyftingar en þá sem viðurkenndir eru.

Finndu herðatré og fylgihluti fyrir Viking™ M hreyfanlega lyftara, sem almennt er mælt með og lýst er að neðan.

Þegar skipt er um herðatré eða aðra fylgihluti, hefur það áhrif á hæsta mögulegu lyftihæð lyftarans. Áður en skipt er um fylgihluti fyrir lyftarann verður alltaf að tryggja að lyftarinn geti náð æskilegri lyftihæð eftir skiptin, svo hann ráði við lyftiaðstæðurnar sem á að nota hann í. Lestu notkunarleiðbeiningarnar fyrir hverja gerð segls til að fá nánari leiðbeiningar um val á segli. Þar má einnig finna leiðbeiningar um hvaða Liko™ herðatré er hægt að nota með hvaða Liko seglum.


Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá ráðleggingar og upplýsingar um vöruúrval Liko.

*** Þessi vara er einnig fánleg í útgáfu með Quick-Release Hook.**

Universal SlingBar 350*

Hám. 300 kg

Vörunr. 3156074




Universal SlingBar 450*

(Staðalbúnaður á Viking™ M færnanlegum lyftara)

Hám. 300 kg


Vörunr. 3156075



Universal SlingBar 600*

Hám. 300 kg


Vörunr. 3156076



Universal TwinBar 670*

Hám. 300 kg


Vörunr. 3156077



Universal SideBars 450 að meðtöldum poka

Hám. 300 kg


Vörunr. 3156079



Sling Cross-bar 450*

Hám. 300 kg


Vörunr. 3156021



Sling Cross-bar 670*

Hám. 300 kg

Vörunr. 3156018



Cover Paddy 30 fyrir SlingBar

(passar við Universal SlingBars 350, 450, og 600)

Vörunr. 3607001



Halda fyrir Hraðupplýsingahandbók

Vörunr. 2000100



Hraðupplýsingahandbók

Vörunr. 2040400



Quick-Release hraðlosunarkrókur

Liko Quick-Release hraðlosunarkrókarnir er kerfi til að hægt sé að skipta fljótt um fylgihluti fyrir lyftingu á hreyfanlegum og föstum Liko-lyfturum. Viking™ M hreyfanlegi lyftarinn verður að vera útbúinn með Q-hlekk til að hægt sé að nota hann með Quick-release hraðlosunarkróknum.

Quick-Release Hook Universal hraðlosunarkrókurinn passar við Universal SlingBar 350, 450 og 600 (vörunr. 3156074 - 3156076). Quick-Release Hook TDM hraðlosunarkrókurinn passar við SlingBar Mini 22 (vörunr. 3156005), Sling Cross-bar 450 og 670 (vörunr. 3156021 og 3156018) og Universal TwinBar 670 (vörunr. 3156077).

Þegar skipt er í herðatré með hraðlosunarkrók minnkar lyftihæðin um 33 mm samanborið við fast herðatré.

Hafðu samband við Hill-Rom til að fá frekari upplýsingar.

Hægt er að nota Viking™ M hreyfanlega lyftarann með Liko™ OctoStretch fyrir lárétta lyftingu.

Liko™ OctoStretch með jöfnunarbúnaði Vörunr. 3156056

Poki fyrir SlingBars Vörunr. 2001025

LikoScale™ búnaður

til að vigta sjúkling með Viking™ hreyfanlegum lyfturum 12 mm millistykki er nauðsynlegt.

LikoScale™ 350, hárm. 400 kg Vörunr. 3156228

LikoScale™ 350 er vottuð í samræmi við evrópsku tilskipunina NAWI 2014/31 (Vigtunartæki sem ekki er sjálfvirkt).

LikoScale™ búnaður aðeins til notkunar í Bandaríkjunum og Kanada:

LikoScale™ 200, hárm. 200 kg Vörunr. 3156225

LikoScale™ 400, hárm. 400 kg Vörunr. 3156226.


Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá frekari upplýsingar.

Viking-arpúði M Vörunr. 2047011

Leggvörn Viking S, M Vörunr. 2046011


Hleðslutæki rafhlöðu,

fyrir uppsetningu á vegg eða til að nota með borðhleðsluhúsi vörunr. 2004106




Borðhleðsluhús

án hleðslutækis og rafhlöðu vörunr. 2107103





Rafhlaða

Blýrafflaða (Pb) vörunr. 2006106




Rafhlaða

Li-ION rafhlaða vörunr. 2006109



Quick-release Hook Universal

vörunr. 3156508




Quick-release Hook TDM

vörunr. 3156502




Q-hlekkur 13

Vörunr. 3156509





vörunr. 3156056



LikoScale 350
vörunr. 3156228



Millistykki 12 mm
Vörunr. 2016504



Bilanaleit

Lyftarinn vinnur ekki upp/niður með handstýringunni.

Breiddarstilling undirstöðu virkar ekki (inn/út) með handstýringunni.



1. Ganga úr skugga um að neyðarstöðvunarhnappurinn hafi ekki verið virkjaður (á ekki að vera inni).
2. Athuga getu rafhlöðunnar. Athuga hvort Li-ION rafhlaða hafi verið sett í svefnham, sjá kaflann „Notkun“.
3. Ganga úr skugga um að rafhlaðan sitji almennilega í stjórnkassanum.
4. Athuga að snúra hleðslutækis sé tengd við rafmagnsinnstungu.
5. Athuga að snúra handstýringar sé rétt tengd við stjórnkassann.
6. Athuga að snúra hreyfiliða lyftiarms sé rétt tengd við stjórnkassann.
7. Athuga að snúra hreyfiliða breiddar undirstöðu sé rétt tengd við stjórnkassann.
8. *Ef vandamálið helst skaltu vinsamlegast hafa samband við Hill-Rom.*

Hleðslutækið virkar ekki.



1. Athuga að snúra hleðslutækis sé tengd rétt.
2. Ganga úr skugga um að rafhlaðan sitji almennilega í stjórnkassanum.
3. Reyna aðra rafmagnsinnstungu.
4. *Ef vandamálið helst skaltu vinsamlegast hafa samband við Hill-Rom.*

Lyftarinn er fastur í hástöðu.



1. Ganga úr skugga um að neyðarstöðvunarhnappurinn hafi ekki verið virkjaður (á ekki að vera inni).
2. Ganga úr skugga um að rafhlaðan sitji almennilega í stjórnkassanum.
3. Athuga getu rafhlöðunnar. Athuga hvort Li-ION rafhlaða hafi verið sett í svefnham, sjá kaflann „Notkun“.
4. Athuga að handstýringarsnúran sé tengd rétt.
5. Rafknúin neyðarlækkun, nota vinnustjórnborðið til að láta sjúklinginn síga niður á fast undirlag, sjá kaflann „Notkun“.
6. Nota vélknúinn neyðarlækkunarbúnað til að láta sjúklinginn síga niður á fast undirlag, sjá kaflann „Notkun“.
7. *Ef vandamálið helst skaltu vinsamlegast hafa samband við Hill-Rom.*

Ef þú heyrir óvenjulegt hljóð frá lyftaranum.



Hafðu samband við Hill-Rom.

Leiðbeiningar um endurvinnslu




Blýrafhlaða (Pb) eða Li-ION rafhlaða

Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur (WEEE).

Málmar



Gömlum rafhlöðum skal skila á næstu endurvinnslustöð í samræmi við staðarreglugerðir, eða afhenda þær starfsfólki sem Hill-Rom viðurkennir.



Hill-Rom metur og býður upp á tilsögn fyrir notendur sína um örugga meðhöndlun og förgun á búnaði sínum til að aðstoða við að koma í veg fyrir líkamstjón, þar með talið, en ekki takmarkað við: skurði, stungur á húðinni, skrámur, og alla hreinsun og sótthreinsun á lækningabúnaðinum sem þörf er á eftir notkun og fyrir förgun.

Viðskiptavinir skulu fara eftir öllum alríkis-, ríkis-, svæðis- og/eða staðarlögum og reglugerðum varðandi örugga förgun á lækningabúnaði og aukabúnaði.

Ef notandi búnaðarins er í vafa skal hann fyrst hafa samband við tækniþjónustu Hill-Rom til að fá leiðbeiningar um örugga aðferð við förgun.

Hreinsun og sótthreinsun

Öryggisráðleggingar

Hreinsi- og sótthreinsunaraðferðir fyrir Liko hreyfanlega lyftara. Þessar leiðbeiningar koma ekki í staðinn fyrir hreinsi- og sótthreinsunarstefnu stöðvarinnar.

- Vertu með hlífðarbúnað í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans og samkvæmt siðareglum stöðvarinnar meðan á hreinsunaraðgerðum stendur, svo sem gúmmihanska, hlífðargleraugu, svuntu, andlitsgrímu og skóhlífar.
- Taktu úr sambandi við rafmagn (riðstraumsafgjafa) fyrir hreinsun og sótthreinsun.
- Hreinsaðu lyftarann aldrei með því að hella á hann vatni, gufuhreinsa hann, eða með því að nota háþrýstisprautu.
- Sjá ráðleggingarnar frá framleiðanda hreinsi- og sótthreinsunarvaranna.

Búnaður:

- Hlífðarbúnaður (eins og gúmmihanskar, hlífðargleraugu, svunta, andlitsgríma og skóhlífar) eins og ráðlagt er í siðareglum stöðvarinnar og leiðbeiningum framleiðandans
- Hreinar fötur
- Klútar til að þvo og þurrka
- Mjúkur bursti
- Volgt vatn
- Til að finna hreinsivörur / sótthreinsunarefni sem eru samrýmanleg eða ósamrýmanleg til notkunar á Liko-vörur skal fylgja „Beiting algengra hreinsivara / sótthreinsunarefna á Liko-vörur“ í þessu skjali.

Hreinsunarleiðbeiningar

1. ⚠️ Taktu úr sambandi við rafmagn (riðstraumsafgjafa) fyrir hreinsun og sótthreinsun.


2. Hreinsaðu lyftarann með klút sem vættur hefur verið í volgu vatni og hlutlausu hreinsiefni sem stofnunin þín samþykkir. Nota má mjúkan burstu til að fjarlægja bletti og föst óhreinindi.

3. Þurrkaðu af lyftaranum með klút sem vættur hefur verið með hreinu vatni frá efsta hlutanum og alla leið niður. Klúturinn á ekki að vera svo rakur að það leki úr honum. Til að ná til allra svæða skaltu færa lyftarann í hæstu og lægstu stöðu og stilla breiddarstillingu undirstöðunnar að fullu inn og út. Fjarlægðu rafhlöðuna til að ná til svæðisins fyrir aftan hana.

ATH.! Ekki hreinsa bullustöngina!

4. Gefðu sérstakan gaum að eftirfarandi svæðum:

- Herðatré
- Vélknúinni neyðarlækkun
- Handföngum
- Stjórnkassa
- Rafhlöðu
- Handstýringu
- Neyðarstöðvun
- Vinnustjórnborði/skjá
- Læsihandföngum
- Hjólum



Leiðbeiningar um sótthreinsun

1. Vegna notkunar viðeigandi sótthreinsunarefna, sjá „Beiting algengra hreinsivara / sótthreinsunarefna á Liko-vörur“ í þessu skjali.

2. Notaðu val um sótthreinsunarefni í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans og endurtaktu vinnuskrefið eins og í „Hreinsunarleiðbeiningar“.

3. Fjarlægðu leifar af sótthreinsiefnum eftir sótthreinsun. Þurrkaðu af lyftaranum með klút sem vættur hefur verið með hreinu vatni frá efsta hlutanum og alla leið niður. Klúturinn á ekki að vera svo rakur að það leki úr honum.

⚠️ Ekki má hreinsa lyftarann með CSI eða jafngildi þess.

⚠️ Ekki má hreinsa handstýringuna með Viraguard eða jafngildi þess.

⚠️ Ekki má hreinsa stjórnkassann með Anioxy Spray eða jafngildi þess.

Beiting algengra hreinsiefna / sóttahreinsunarefna á Liko-vörur

Efnaflokkur	Virk innihaldsefni	pH	Hreinsiefni / sóttahreinsunarefni *	Framleiðandi *	Má ekki nota á eftirfarandi hluti:
Fjórgreint ammóníumklóríð	Didekylídimetylammóníumklóríð = 8,704% Alkylídimetylbenzylammóníumklóríð = 8,19%	9,0 – 10,0 í notkun	Virex II (256)	Johnson/Diversey	Fótskemil fyrir Sabina™ og Roll-On™
Fjórgreint ammóníumklóríð	Alkylídimetyl bensylammóníumklóríð = 13,238% Alkylídimetyl bensylammóníumklóríð = 13,238%	9,5 í notkun	HB Quat 25L	3M	
Virkjað vetnisperoxíð	Vetnisperoxíð 0,1-1,5% Bensýlalkóhól: 1-5% Vetnisperoxíð 0,1-1,5% Bensýlalkóhól: 1-5%	3	Oxivir Tb	Johnson/Diversey	Lyftiölmarnar fyrir Golvo™ og loftlyftara
Fenól	2-fenýlfenól = 3,40% 2-bensýl-para-klórifenól = 3,03	3,1 +/- 0,4 í notkun	Wexcide	Wexford Labs	
Bleikiefni	Natríumhypóklórít	12,2	Dispatch	Caltech	Lyftiölmarnar fyrir Golvo™ og loftlyftara
Alkóhól	Ísóprópýlalkóhól = 70%	5,0-7,0	Viraguard	Veridien	Handstýringar fyrir alla lyftara
Fjórgreint ammóníum	n-alkylídimetylbenzylammóníumklóríð = 0,105% n-alkylídimetylbenzylammóníumklóríð = 0,105%	11,5 - 12,5	CSI	Central Solutions Inc.	Viking™, Liko M220™, Liko M230™, Uno™, Sabina™, Golvo™, LikoLight™, Roll-On™, Likorall™, Multirall™
Bensýl-C12-18-alkylídimetylammóníum, klóríð	Bensýl-C12-18-alkylídimetylammóníum, klóríð (22%) 2-fenoxýetanól (20%) Prídekýlpólýetylenglykóleter (15%) Própan-2-ól (8%)	u.þ.b. 8,6 í notkun	Terralin Protect	Shülke	Fótskemil fyrir Sabina™ og Roll-On™
Lífrænt peroxíð (tegund E, óblandað)	Magnesium mónóperoxýpalat hexahýdrat (50-100%) Anjónískt yfirborðsvírt efni (5-10%) Ó-anjónískt yfirborðsvírt efni (1-5%)	5,3 í notkun	Dismozon Pur	Bode	Lyftiölmarnar fyrir Golvo™ og loftlyftara
Etanól	Vetnisperoxíð (2,5-10%) Láryldimetylámínóoxíð (0-2,5%) Etanól (2,5-10%)	7	Anioxy-Spray WS	Anios	Stjórnkassa fyrir alla hreyfanlega lyftara
Tróklósennatríum	Adípínsýra 10-30% Myndlaust kísil < 1% Natríumtolúensúlfónat 5-10% Tróklósennatríum 10-30%	4-6 í notkun	Chlor-Clean	Guest Medical Ltd	Lyftiölmarnar fyrir Golvo™ og loftlyftara

*) Eða jafngildi

Eftirlit og viðhald

Til að notkun sé vandræðalaus ætti að athuga ákveðin atriði á hverjum degi sem lyftarinn er notaður:

- Kanna lyftarann og athuga til að ganga úr skugga um að engar ytri skemmdir séu til staðar.
- Athuga áfestingu herðatrésins.
- Athuga virkni krækjanna.
- Athuga heildstæðni lyftihreyfingar og breiddarstillingar undirstöðu.
- Athuga til að ganga úr skugga um að neyðarlækkunin (bæði rafknúin og vélknúin) virki.
- Hlaða rafhlöðurnar á hverjum degi sem lyftarinn er notaður og athuga að hleðslutækið virki.

Þegar nauðsyn krefur skal hreinsa lyftuna með rökum klút og ganga úr skugga um að hjólin séu laus við óhreinindi. Frekari upplýsingar um hreinsun og sótthreinsun Liko vörunnar þinnar má finna í kafla; Hreinsun og sótthreinsun.

⚠ Lyftarinn ætti ekki að vera óvarinn gagnvart rennandi vatni.

Þjónusta

Reglubundið eftirlit með lyftaranum ætti að framkvæma að minnsta kosti einu sinni á ári.

⚠ Reglubundið eftirlit, viðgerð og viðhald ætti aðeins að framkvæma í samræmi við þjónustuhandbók Liko™ og af starfsfólki sem Hill-Rom hefur viðurkennt og með notkun upprunalegra varahluta frá Liko Liko™.

⚠ Ekki má veita þjónustu á meðan sjúklingurinn er í lyftaranum.

Þjónustusamningur

Hill-Rom býður upp á það tækifæri að gera þjónustusamning um viðhald og reglubundið eftirlit með Liko-vörunum þínum.

Væntanlegur endingartími

Væntanlegur þjónustutími vörunnar er 10 ár þegar hún er rétt meðhöndluð, þjónustuð og reglubundið skoðuð í samræmi við leiðbeiningar Liko.

Hlutir sem taldir eru upp að neðan eru undirorpnrir sliti og hafa tilgreindan væntanlegan endingartíma:

- Handstýring, væntanlegur endingartími 2 ár,
- Rafhlaða, væntanlegur endingartími 3 ár.

Flutningur og geymsla

Meðan á flutningi stendur, eða ef ekki á að nota lyftarann um langan tíma, ætti að virkja neyðarstöðvunina.

Umhverfið þangað sem lyftarinn er fluttur og geymdur ætti að hafa hitastigið -10°C til +50°C, og 20-90% rakastig.

Loftþrýstingurinn ætti að vera 700-1060 hPa.

Umhverfið þangað sem rafhlöðurnar eru fluttar og geymdar ætti að hafa hitastigið -10°C til +40°C, og rakastig 20-80%.

Loftþrýstingurinn ætti að vera 700-1060 hPa.

Tilkynning til notenda og/eða sjúklinga innan ESB

Öll alvarleg atvik sem hafa átt sér stað í tengslum við búnaðinn, skal tilkynna framleiðandanum og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem notandinn/sjúklingurinn býr.

Breytingar á vöru

Liko-vörunnar eru í stöðugri þróun, þess vegna áskiljum við okkur rétt til að gera breytingar á vöru án fyrirvara. Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá ráðleggingar og upplýsingar um uppfærslu á vörum.

Design and Quality by Liko in Sweden

Stjórnunarkerfið fyrir bæði framleiðslu og þróun vörunnar er vottað í samræmi við ISO9001 og jafngildi þess staðals fyrir lækningatækjajaiðnaðinn, ISO13485. Stjórnunarkerfið er einnig vottað í samræmi við umhverfisstaðalinn ISO14001.



www.hillrom.com

Liko AB
Nedre vägen 100
975 92 Luleå, Sviþjóð
+46 (0)920 474700

Liko AB is a subsidiary of Hill-Rom Holdings, Inc.

Enhancing outcomes for
patients and their caregivers:

Hill-Rom